

Sp.

163. Nefndarálit

[1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1977.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Undirbúningur fjárlaga fyrir árið 1977 hefur enn mótast af þeim miklu efnahagslegu áföllum sem yfir þjóðina dundu á árunum 1974 og 1975 og voru hin mestu

og sneggstu frá stríðslokum. Hin brýna þörf á aðhaldi í útgjaldaáformum ríkissjóðs hefur mótað gerð fjárlagafrumvarpsins og breytingartillögur meiri hlutans nú eins og á s.l. ári. Batnandi viðskiptakjör á þessu ári, augljós áhrif margvíslegra efnahagsráðstafana ríkisstjórnarinnar og ekki síst aðhald í útgjaldaáformum ríkissjóðs við gerð fjárlaga fyrir 1976, valda því, að verulegur árangur hefur náðst í glimunni við efnahagsvandann. Þannig eru horfur á að takist að koma viðskiptahallanum við útlönd niður í 4% af þjóðarframleiðslunni á yfirstandandi ári en hann varð 12% af þjóðarframleiðslu árið 1974. Þá er þess vænst að greiðsluafgangur verði á þessu ári hjá ríkissjóði öfugt við það, sem verið hefur á undanförunum árum. Þetta hefur átt sinn þátt í að minnka verðbólguna úr u. þ. b. 54% á árinu 1974 í minna en 30% á yfirstandandi ári. Það er athyglisvert að þessi umtalsverði árangur hefur náðst samtímis því að verulegum framkvæmdum hefur verið haldið uppi um allt land og full atvinna verið fyrir alla vinnufæra menn.

Gerð fjárlaga fyrir árið 1977 miðar að því að fylgja eftir þessari hagstæðu þróun og tryggja þannig fjárhagslegt sjálfstæði þjóðarinnar, hallalausan ríkisbúskap og minnkandi verðbólgu. Þetta er útilokað að gera án aðhalds í ríkisútgjöldum og hófs í skattaálögum. Þess vegna er óhjákvæmilegt að halda aftur af hækkun ríkisútgjalda bæði til rekstrar og opinberra framkvæmda, þrátt fyrir brýna þörf á hinum ýmsu sviðum vaxandi þjóðlífs. Með þetta meginmarkmið í huga verða menn að skoða tillögugerð meiri hluta fjárveitinganefndar við fjárlagaafgreiðslu fyrir árið 1977.

Við þessa fjárlagagerð er um að ræða breyttar verðlagsforsendur frá því sem tíðkast hefur á undanförunum árum. Þar sem fyrir liggja kjarasamningar, sem hafa í för með sér þekktar kauphækkanir fram á mitt næsta ár, er gert ráð fyrir þeim fjárhæðum í frumvarpinu sem þurfa til þess að standa straum af þessum launahækkunum. Þetta hefur augljóslega í för með sér meiri hækkun fjárlaga milli ára nú en endranær, þar sem venja hefur verið að miða fjárlagagerð við desemberverðlag og kauplag hverju sinni. Í frv. munar hér tæplega 4 700 millj.kr. til hækkunar frá því sem verið hefði með sömu aðferð og notuð hefur verið áður við fjárlagagerð. Síðan frv. var samið hafa orðið kauphækkanir vegna svonefndra rauðu strika í kjarasamningum. Þess vegna verður upphæð fjárlaganna miklum mun hærri en sem nemur áður nefndri upphæð af því að nú er í fyrsta sinn gert ráð fyrir hækkun tekna og útgjalda á verðlagsforsendum, sem ráðast af þekktum kaupbreytingum fyrstu sex mánuði næsta árs. Auk þessa er svonefnt oliugjald, þ. e. a. s. eitt prósentustig í söluskatti, nú tekið inn í fjárlög í fyrsta sinn og hækkar það eitt út af fyrir sig niðurstöður tekna og gjalda um 1 600 millj.kr. Hvort tveggja þarf að hafa í huga þegar bornar eru saman niðurstöður fjárlaganna á yfirstandandi ári og fyrir 1977.

Þessi háttur, sem nú er upp tekinn um að gera ráð fyrir þekktri kaup- og verðlagshækkun á fjárlagaárinu, gerir kleift að koma við raunhæfari fjárlagagerð og eftirliti með útgjöldum einstakra ráðuneyta og stofnana. Strangar aðhaldsaðgerðir og breytt vinnubrögð hjá fjármálaráðuneytinu á yfirstandandi ári eiga gildan þátt í bættri afkomu ríkissjóðs. Gerðar hafa verið greiðsluáætlanir innan fjárlagaársins um þarfir einstakra ráðuneyta og ríkisstofnana í útgjöldum og samanburður gerður á greiðslum úr ríkissjóði til þeirra. Fjárlagagerðin í ár er við það miðuð að auðvelda þessa áætlanagerð og eftirlit með ríkisútgjöldum í aðhalds- og sparnaðarskygni, m. a. með því að gera ráð fyrir þekktum hækkunum í launum og kostnaði á næsta ári.

Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að samþykkt nýrrar tollskrár minnki tekjur ríkissjóðs um 600 millj. kr. Nú, þegar tollskrárfrumvarpið hefur verið lagt fram, kemur í ljós að samþykkt þess hefur enn meiri áhrif á afkomu ríkissjóðs en áður var búist við og munu tolltekjur minnka til viðbótar um 350 millj. og sölu-skattur um 150 millj. Verður að gera ráð fyrir þessum breytingum í endanlegri gerð tekjuáætlunar, sem verður að bíða til 3. umræðu. Ljóst er, að þessi tekjurýrnun eykur enn vanda fjárveitinganefndar við gerð fjárlaganna.

Fjárveitinganefnd hóf athugun sína á frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1977 strax að loknu kjöri nefndarinnar. Hefur frumvarpið verið rætt á 38 fundum. Mikill tími hefur farið í viðtöl við forstöðumenn ráðuneyta og annarra ríkistofnana svo og ýmsa fulltrúa sveitarfélaga og félagasamtaka. Af viðtölum þessum hefur glögg komið í ljós, að mikils aðhalds er gætt í útgjaldaáformum við gerð frumvarpsins, og yfirleitt hafa forstöðumenn ríkisstofnana dregið svo úr rekstrarútgjöldum sem kostur er. Meiri hluti fjárveitinganefndar leggur þó áherslu á að nauðsynlegt er að Alþingi og ríkisstjórn fylgist vel með notkun fjármuna í opinberum rekstri og framkvæmdum og leita þarf aðferða til aukinnar hagræðingar á hinum ýmsu sviðum opinbers rekstrar.

Nefndin hefur sem fyrr skipt með sér verkum og hafa einstakir nefndarmenn haft til athugunar sérstaka málaflökka frumvarpsins. Hefur sú athugun einkum beinst að þeim málaflökum, sem fjalla um fjárveitingar til verklegra framkvæmda, svo sem nýbyggingar skóla, íþróttamannvirkja, hafnarframkvæmda og byggingar sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva. Þá hefur nefndin átt góða samvinnu við fjárlaga- og hagsýslustofnunina og starfsmenn hennar svo og forstöðumenn ráðuneyta og stofnana, sem hafa veitt nefndinni mikilsverðar upplýsingar og aðstoð.

Svo sem jafnan áður hafa n. borist fjölmörg erindi frá stofnunum, einstaklingum og samtökum, sem flest hafa falið í sér beiðni um fjárhagslegan stuðning eða fyrirgreiðslu svo og leiðréttingar sem valda hækkun á útgjöldum fjárlaga. Nefndin hefur reynt að kynna sér þessi erindi eftir föngum, en hefur að þessu sinni ekki getað sinnt nema fáum nýjum beiðnum, en hækkað nokkuð ýmsa liði frá því sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Nefndinni er að sjálfsögðu ljóst að orðið hefur að synja fjárbeiðnum til málefna sem vissulega verðskulda stuðning hins opinbera en verða að bíða betri tíma.

Nefndinni hefur enn ekki unnist tími til að ljúka afgreiðslu allmargra þátta fjárlagafrumvarpsins. Má þar nefna t. d. framlög til ferjubryggna, vegagerðar, sjóvarnargarða, starfsmannahalds í heilsugæsluþjónustu ríkisspítalanna, héraðsskólanna, væntanlegrar rannsóknarlögreglu ríkisins, íþróttamannvirkja, Pósts og síma, Rafmagnsveitna ríkisins og Orkustofnunar, auk almennra áhrifa af breyttum verðlagsforsendum á tekjur og gjöld. Þá er lánsfjáráætlun óafgreidd og má vænta þess að gera þurfi breytingar á einstökum fjárlagatölum þess vegna. Loks eru nokkrir smærri liðir, sem ekki hefur verið tekin endanleg afstaða til. Bíður afgreiðsla allra þessara mála til 3. umræðu.

Ekki náðist í nefndinni samkomulag um afgreiðslu fjárlagafrumvarpsins. Minni hl. mun því skila séráliti. Nefndin stendur þó sameiginlega að flutningi breytingartillagna á þingskjali 162, en minni hl. óskar eftir að taka fram, að hann hefur óbundnar hendur um afstöðu til einstakra tillagna og áskilur sér rétt að flytja eða fylgja breytingartillögum sem fram kunna að koma.

Á fundi fjárveitinganefndar fyrir afgreiðslu fjárlagafrv. til 2. umræðu mætti fulltrúi frá Þjóðhagsstofnuninni. Veitti hann nefndinni margvíslegar upplýsingar um þróun efnahagsmála á yfirstandandi ári og horfur í náinni framtíð.

Meiri hl. nefndarinnar vill taka fram, að brtt. þær, sem hann mun flytja við 3. umræðu fjárlaga, verða að sjálfsögðu við það miðaðar, að takast megi að afgreiða greiðsluhallalaus fjárlög fyrir árið 1977.

Verður nú í stuttu máli gerð grein fyrir brtt. nefndarinnar við gjaldabálk frumvarpsins.

Æðsta stjórn ríkisins 1 00.

201 Sérfræðileg aðstoð við þingflokka. Fjárveitingin hækki um 3 500 þús. kr.

Forsætisráðuneytið 1 01.

902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum. Hækkun 300 þús. kr. vegna rannsókna á Þingvallavatni og verður fjárveiting þá í heild í þessu skyni 1 500 þús. kr.

Menntamálaráðuneytið 1 02.

- 101 Aðalskrifstofa: Liðurinn lækki um 10 000 þús. kr. vegna tilfærslu á sérlið sem eru ýmsir styrkir.
- 201 Háskóli Íslands: Launaliður hækki um 2 000 þús. kr., sem eru laun dósents í matvælaefnafræði.
- 231 Náttúrufræðistofnun Íslands: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 433 þús. vegna kaupa á hillum fyrir safngripi.
- 305 Menntaskólinn við Tjörnina: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 16 000 þús. kr. vegna samnings við Reykjavíkurborg um greiðslu á andvirði Vogaskóla.
- 306 Menntaskólinn á Ísafirði: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 9 000 þús. kr. vegna vanreiknaðs kostnaðar við húsakaup, hönnunar á nýbyggingu og brunavarnartækja í heimavist.
- 313 Fjölbrautaskóli Suðurnesja: Launaliður hækki um 10 000 þús. kr. og önnur rekstrargjöld hækki um 3 000 þús.
- 321 Kennaraháskóli Íslands: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 25 000 þús. kr. til byrjunarframkvæmda á nýbyggingu.
- 331 Íþróttakennaraskóli Íslands: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 5 000 þús. kr. vegna hönnunar.
- 506 Vélaskóli Íslands: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 4 000 þús. kr. vegna tækjakaupa.
- 516 Iðnskólar almennt: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 2 500 þús. kr., sbr. sundurliðun í sérstöku yfirliti.
- 518 Fiskvinnsluskólinn: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 2 000 þús. kr. vegna tækjakaupa.
- 562 Leiklistarskólinn: Launaliður hækki um 2 000 þús. kr.
- 571 Sjómannaskólahúsið: Önnur rekstrargjöld hækki um 2 842 þús. Viðhald hækki um 2 millj. kr.
- 621 Nýr liður: Skálholtsskóli: Gjaldfærður stofnkostnaður 6 000 þús. kr.
- 792 Framlög til byggingar grunnskóla hækki um 32 070 þús., sbr. sérstakt yfirlit.
- 793 Bygging skóla fyrir þroskahömluð börn: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 40 000 þús. kr.
- 803 Dagvistunarheimili: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 25 700 þús. kr., sbr. sérstakt yfirlit.
- 851 Félagsstofnun stúdenta hækki um 3 400 þús. vegna viðhalds á stúdentagörðum o. fl.
- 881 Framhaldsnám iðnaðarmanna erlendis: Liðurinn hækki um 300 þús. kr.
- 882 Myndlistarskólinn í Reykjavík: Framlag hækki um 300 þús.
- 882 Myndlistarskólinn á Akureyri, nýr undirliður 100 þús. kr.
- 884 Til jöfnunar námskostnaði: Liðurinn hækki um 20 000 þús. kr.
- 885 Bréfaskólinn: Styrkur hækki um 500 þús. kr.
- 901 Landsbókasafnið: Launaliður hækki um 480 þús. vegna ½ starfs ritara.
- 902 Þjóðminjasafn Íslands: Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 600 þús., m. a. vegna sjóminjasafns. Til sveitarfélaga hækki yfirfærslur um 1 200 þús. kr. og
- 976 Menningarsjóður: Framlag hækki um 1 346 þús. kr.
verða þá styrkir til safna, gamalla kirkna o. fl. 8 200 þús. kr.
- 982 Listir framlög: Leikfélag Akureyrar, nýr liður, 5 000 þús. kr., en félagið var áður með fjárveitingu undir liðnum til leiklistarstarfsemi. Styrkur til félagsins hækki því í raun um 1 millj. kr. Leikfélag Reykjavíkur, styrkur hækki um 1 500 þús. Til Bandalags ísl. leikfélaga, liðurinn hækki um 300 þús. og leiklistarstarfsemi, undirliður, lækkar um 1 700 þús. vegna þess að Leikfélag Akureyrar er nú fært á sérlið. Í raun er lagt til að stuðningur við leiklistarstarfsemi hækki undir þessum lið um 2 300 þús. Rithöfundasamband Íslands. Styrkur hækki um 100 þús. kr.

- 984 Norræna félagið: Styrkur hækki um 200 þús. kr.
- 988 Æskulýðsstarfsemi: UMFÍ, styrkur hækki um 4 000 þús. kr. Bandalag isl. skáta hækki um 600 þús. Nýr liður: Bandalag isl. skáta vegna Úlfjótsvatns 600 þús. kr. Íslenskir ungentplárar, styrkur hækki um 675 þús. kr., og starfsstyrkur til KFUM og KFUK hækki um 300 þús. kr.
- 989 Íþróttafélag fatlaðra: Styrkur hækki um 150 þús. kr.
- 998 Ýmsir styrkir: Nýr liður 10 000 þús. kr., en þessi liður var áður undir aðalskrifstofu menntamálaráðuneytisins, sbr. hér að framan.
- 999 Ýmislegt: Matthíasarsafn á Akureyri, styrkur hækki um 20 þús. Sædýrasafnið, Hafnarfirði, hækki um 1 500 þús. og verði fjárveiting til þess sameinuð í einn lið. Íslenska stærðfræðifélagið hækki um 100 þús. Skáksamband Íslands hækki um 300 þús. Styrkur vegna alþjóðskákámóta hækki um 350 þús. kr. Styrkur vegna Bandalags isl. skáta, hjálpara sveita, hækki um 350 þús. og til blindra starfsemi um 150 þús. kr. Kvenfélagasamband Íslands, styrkur hækki um 500 þús., Zontaklúbbur Akureyrar vegna Nonnahúss hækki um 25 þús. kr., Landakotsskóli um 700 þús., Hlíðardalsskóli um 800 þús. Hús Guðmundar Böðvarssonar, nýr liður, 200 þús. Til þjóðhátta- og byggðakvikmynda hækki um 200 þús., Gjöf Jóns Sigurðssonar um 800 þús. kr. Til eyðingar vargfugla, nýr liður, 500 þús. kr.

Landbúnaðarráðuneytið 1 04.

- 201 Búnaðarfélag Íslands: Lagt er til að liðurinn Önnur rekstrargjöld hækki um 500 þús. kr.
- 241 Landnám ríkisins: Lagt er til að liður 09 Til skipulagningar hækki um 600 þús. kr. vegna sérstakrar fyrirgreiðslu samkvæmt Hólsfjallaáætlun. Einnig er lagt til að liðurinn 12 Til grænfræðiverksmiðja hækki um 20 000 þús. kr., sem skiptist jafnt til framkvæmda í Hólminum í Skagafirði og Saltvík í Suður-Þingeyjarsýslu.
- 243 Sauðfjárveikivarnir: Liður 27 hækki um 1 352 þús. kr. vegna viðhalds á girðingum.
- 286 Lagt er til að liður 03 Fyrirhleðslur hækki um 6 060 þús. kr. Sundurliðun birtist á sérstöku yfirliti. Liðurinn 04 Landþurrkun hækki um 425 þús. kr., sem sundurliðast á sérstöku yfirliti.
- 291 Til búfjárræktar: Launaliður hækki um 2 000 þús. kr. vegna tveggja nýrra friðtækna samkvæmt búfjárræktarlögum.
- 299 Liðurinn 03 Til Norræna búfræðifélagsins hækki um 73 þús. kr. Einnig er lagt til að liðurinn 17 Félagssamtökin Landvernd hækki um 150 þús. kr.
- 503 Garðyrkiuskólinn á Reykium: Lagt er til að launaliður hækki um 600 þús. kr. vegna ½ starfsmanns á skrifstofu.

Sjávarútvegsráðuneytið 1 05.

- 101 Lagt er til að liðurinn Önnur rekstrargjöld á aðalskrifstofu hækki um 2 000 þús. kr.
- 201 Fiskifélag Íslands: Lagt er til að launaliður hækki um 1 800 þús. kr. vegna ráðningar nýs starfsmanns í tæknideild. Einnig að liðurinn 80 Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 500 þús. kr.
- 202 Hafrannsóknastofnun: Lagt er til að launaliður hækki um 50 197 þús. kr. vegna gerðra samninga um laun á hafrannsóknaskipunum.
- 203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins: Lagt er til að launaliður hækki um 1 800 þús. kr. til þess að unnt sé að ráða nýjan tæknifræðing.
- 215 Framleiðslueftirlit sjávarafurða: Lagt er til að launaliður hækki um 2 500 þús. kr. og liðurinn Önnur rekstrargjöld um 1 400 þús. kr.

- 299 Lagt er til að liðurinn 09 Veiðieftirlit hækki um 5 000 þús. kr. Einnig að tekinn verði upp nýr liður, sem verði 14 Rekstrarstyrkur til stóru togaranna 94 000 þús. kr. Enn fremur er lagt til að liðurinn 15 Ársfundur Alþjóðahaf-rannsóknaráðsins 1977 hækki um 500 þús. kr.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið 1 06

- 213 Sýslumaðurinn í Borgarnesi: Lagt er til að Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 20 000 þús. kr., verði 20 792 þús. kr., sem er ætlað til byrjunarframkvæmda við að byggja yfir embættið.
- 229 Sýslumaðurinn og bæjarfógeti, Eskifirði: Lagt er til að gjaldfærður stofnkostnaður hækki vegna byrjunarframkvæmda við hús yfir embættið um 15 000 þús. kr., verði 15 375 þús. kr.
- 253 Lagt er til að Almannaþingir fái hækku á launalið um 1 500 þús. kr. vegna ráðningar á starfsmanni, liðurinn verði 7 648 þús. kr.
- 254 Sjómælingar og sjókortagerð: Lagt er til að laun hækki um 1 300 þús. kr. vegna ráðningar manns við sjókortagerð, verði 25 837 þús. kr.
- 283 Lagt er til að hækka framlag til byggingar ríkisfangelsa og vinnuhæla um 70 000 þús. kr., liðurinn verði 100 000 þús. kr.
- 301 Þjóðkirkjan: Lagt er til að þessir liðir hækki sem hér segir: Yfirstjórn um 700 þús. kr. Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar um 1 500 þús. kr. Æskulýðsstörf um 1 500 þús. kr. vegna ráðningar æskulýðsfulltrúa á Norðurlandi. Byggingar á prestssetrum um 3 000 þús. kr. Skálholtsstaður um 1 000 þús. kr. Samtals um 7 700 þús. kr.
- 371 Kirkjubyggingasjóður hækki um 2 500 þús. kr. verði 12 000 þús. kr.

Félagsmálaráðuneytið 1 07.

- 391 Nýr liður: Vegna tjóns af náttúruhamförum í Norður-Þingeyjarsýslu, til sveitarfélaga 40 000 þús. kr.
- 981 Liðurinn Til Félagsmálaskóla alþýðu hækki um 300 þús. kr., verði 1 300 þús. kr., og Til Iðnemasambands Íslands um 150 þús. kr., verði 500 þús. kr.
- 999 Ýmis framlög samtals 4 300 þús. kr. sem greinist þannig að Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra fái 450 þús. kr., Neytendasamtökin 300 þús. kr., til sjómannastofa 450 þús. kr., Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra 100 þús. kr. og Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra, til byggingarframkvæmda 3 000 þús. kr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 1 08.

- 301 Landlæknisembættið: Lagt er til að laun hækki um 2 500 þús. kr.
- 322 Heilbrigðiseftirlit ríkisins: Laun hækki um 1 500 þús. kr.
- 379 Nýr liður: Til kaupa á Landakotsspítala 70 000 þús. kr. Upphæðin er í samræmi við samning sem gerður hefur verið um kaup á sjúkrahúsinu.
- 380 Nýr liður: Námslán læknastúdenta 3 000 þús. kr.
- 381 Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva o. fl.: Liðurinn hækki um 26 500 þús. kr., sbr. sérstaka sundurliðun. Nýr liður bætist við til röntgentækjakaupa, 40 000 þús. kr., sem er vegna Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri og Borgarsjúkrahússins. Sjúkrahús Franciscusarreglunnar í Stykkishólmi, liðurinn hækki um 4 500 þús.
- 391 Héraðslæknar og heilsugæslustöðvar: Önnur rekstrargjöld hækki um 4 000 þús. kr.

- 399 Ýmis heilbrigðismál: Hjartavernd, styrkurinn hækki um 3 000 þús. Matvæla-
rannsóknir, fjárveiting er hækkuð um 4 000 þús. kr. Nýr liður: Manneldisráð
1 000 þús. kr. Nýr liður: Háþrýstirannsóknir, er tekinn upp, 5 000 þús. kr., til
þess að koma á göngudeild til rannsókna og meðferðar sjúklinga með háan
blóðþrýsting. Sjúkraflug, lagt er til að styrkurinn hækki sem nemur 2 300 þús.
kr. Nýir liðir: Félag astmasjúklinga 300 þús. og Félag exemsjúklinga 300
þús. kr. Tækniástoð við sveitarfélög vegna sorpeyðingar, umhverfis- og meng-
unarmála, liðurinn hækki um 1 000 þús. kr. Lagt er til að hækka liðinn til reglu-
gerðar um iðnaðar- og iðjumengun um 1 000 þús. kr. Námsferðir héraðs-
lækna og embættislækna hækki um 688 þús. kr.
- 471 Gæsluvistarsjóður: Liðurinn hækki um 10 000 þús. kr.

Fjármálaráðuneytið 1 09.

- 402 Fasteignamat ríkisins: Liðurinn hækki í heild um 7 043 þús. kr. Gjöldin hækki
um 15 673 þús. kr. og tekjur um 8 630 þús. kr. Launaliðurinn hækki um tæpar
12 000 þús. kr. og eru það laun 9 nýrra starfsmanna. Jafnframt eru störf 450
svonefndra millimatsmanna lögð niður.
- 999 Lífeyrissjóður starfsmanna stjórnmalaflokka. Tekinn verði upp nýr liður, 6 500
þús. kr., skv. nýsettum lögum um þennan lífeyrissjóð. Hluti upphæðarinnar
er vegna vangoldinna framlaga fyrri ára.

Samgönguráðuneytið 1 10.

- 211 Vegagerð. Lagt er til að liðurinn 94 Til einstaklinga og samtaka hækki um
460 þús. kr. Fé af þessum fjárlagalið, sem ætlað er til stuðnings þeim aðilum,
sem rækja þjónustu við ferðamenn að vetrarlagi á erfiðum samgönguleiðum,
verður skipt með bréfi til Vegagerðar ríkisins.
- 332 Vitamál: Launaliður hækki um 866 þús. kr.
- 333 Hafnamál: Liðurinn 03 Hafnarmannvirki og lendingarbætur hækki um 81 600
þús. kr. Sundurliðun birtist á sérstöku yfirliti.
- 342 Sjóslýsanefnd: Liðurinn Önnur rekstrargjöld hækki um 1 200 þús. kr. vegna
rannsókna á reki gúmbáta.
- 471 Flugmálastjórn: Liðurinn hækki um 3 100 þús. kr., sem skýrist þannig að
2 600 þús. kr. eru vegna vanáætlaðra rekstrarútgjalda og 500 þús. kr. vegna
styrks til áhugamannafélaga á sviði flugmála.
- 652 Veðurstofan: Launaliður hækki um 1 000 þús. kr. vegna hafsrannsókna.

Iðnaðarráðuneytið 1 11.

- 201 Iðnþróunarstofnun Íslands: Liðurinn hækki um 8 000 þús. kr. til þess að ljúka
verkefnum, sem áður höfðu styrk frá Þróunarstofnun S. þ.
- 202 Rannsóknastofnun iðnaðarins: Laun hækki um 1 500 þús. vegna ráðningar
tæknifræðings. Viðhaldsliður hækki um 250 þús. kr. og gjaldfærður stofnkostn-
aður vegna tækjakaupa um 1 150 þús. kr.
- 203 Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins: Laun hækki um 2 420 þús. kr. vegna
ráðningar tveggja nýrra starfsmanna.
- 207 Til eftirmenntunar í iðju og iðnaði: Launaliðurinn hækki um 400 þús. kr. og
Önnur rekstrargjöld um 150 þús. kr. Heildarliðurinn skiptist þannig að til
eftirmenntunar í rafiðnaði verði ráðstafað 4 500 þús. kr. og í málmiðnaði 2 500
þús. kr.
- 235 Útflutningsmiðstöð iðnaðarins: Framlag hækki um 1 500 þús. kr.

- 299 Til eflingar iðnþróunar og tækninýjunga í iðnaði: Liðurinn hækki um 6 000 þús. kr. Nýr liður verði tekinn upp: Ullar- og skinnaverkefni 5 000 þús. kr. Iðnkynning, framlag hækki um 2 500 þús. kr.
- 302 Rafmagnseftirlit ríkisins: Liðurinn Önnur rekstrargjöld hækki um 2 000 þús. kr. vegna rannsókna á öryggisbúnaði nætúrhitunargeyma.

Alþingi, 12. des. 1976.

Jón Árnason, form., frsm.	Þórarinn Sigurjónsson, fundaskr.	Ingi Tryggvason.
Pálmi Jónsson.	Steinþór Gestsson. Gunnlaugur Finnsson.	Lárus Jónsson.